

Ársskýrsla leikskólans

Kirkjubólsl



skólaárið 2009- 2010

EFNISYFIRLIT

	Bls:
<u>Mat á leikskólaári 2009-2010</u>	3
<u>Barnahópurinn</u>	3
<u>Starfsmannahópurinn</u>	4
<u>Starfsáætlun fyrir skólaárið 2010-2011</u>	4
1. <u>Helstu verkefni og áherslur</u>	4
2. <u>Áherslur í foreldrasamstarfi</u>	6
3. <u>Stefna í starfsmannahaldi</u>	8
4. <u>Nýbreitni</u>	9
<u>Húsnæði og viðhald</u>	12
<u>Lokaorð</u>	12



MAT Á LEIKSKÓLAÁRI 2009 - 2010

Mat á starfinu í leikskólanum er bæði formlegt og óformlegt. Starfsfólkið metur oft óformlega ýmsa atburði eða verkefni sem verið er að vinna sem leiða til umbóta. Hins vegar fór formlegt mat fram í janúar, þá var haustönnin og desember mánuður endurmetin. Á skipulagsdegi í maí fór fram formlegt endurmat á vorönn leikskólans. Það kemur vel út að meta starfið í áföngum, þá er það ferskara í minni. Matið leiðir til þess að gerðar eru umbætur þar sem við á, lærdómur dreginn af starfinu og lögð eru drög að þema og áherslum næsta skólaárs.

BARNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2009 voru 62 börn í leikskólanum í 78,5 barngildum og með 507,5 dvalarstundir, þar af voru 29 drengir og 33 stúlkur.

Eitt barn var með 5 tíma vistun, eitt barn var með 6 tíma vistun, tvö börn voru með 7 tíma vistun, eitt barn var með 7 ½ tíma vistun, tuttugu og fimm börn voru með 8 tíma vistun, tuttugu og sex börn voru með 8 ½ tíma vistun og sex börn voru með 9 tíma vistun.

Alls voru 5 börn fædd árið 2008, þar af eru 3 stúlkur og 2 drengir

Alls voru 13 börn fædd árið 2007, þar af eru 9 stúlkur og 4 drengir

Alls voru 15 börn fædd árið 2006, þar af eru 9 stúlkur og 6 drengir

Alls voru 13 börn fædd árið 2005, þar af eru 7 stúlkur og 6 drengir

Alls voru 16 börn fædd árið 2004, þar af eru 5 stúlkur og 11 drengir



Börnin áttu rætur að rekja til átta landa sem eru: Kína, Danmörk, England, Þýskaland, Filippseyjar, Bandaríkin, Serbía og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: enska, spænska, þýska, danska, serbókróatíska og filipseyskt mál.

Það voru þrennir tvíburar í skólanum.

Ekkert barn var með með greiningu vegna þroskaröskunar, en 12 börn fengu sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra, sem snéri að málörvun, þjálfun í fínhyfingum, grófhreyfingum, einbeitingu og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt.

STARFSMANNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2009 voru samtals nítján starfsmenn í 16.50 % stöðugildum í leikskólanum.

Þar af voru ellefu leik- og grunnskólakennarar ásamt þroskaþjálfara í 9.70% stöðugildum og eru þeir félagsmenn í Félagi leikskólakennara. Sex leiðbeinendur í 4.65% stöðugildum ásamt matráði í 75% stöðu og aðstoðarmanni í 65% stöðu og eru þeir félagsmenn í Starfsmannafélagi Garðabæjar. Að auki voru tveir starfsmenn í 70% stöðugildi sem sáu um ræstingar og eru þeir félagar í verkalýðsfélaginu Hlíf. Einn leiðbeinendanna var í veikindaleyfi og á leið í fæðingarorlof. Einn leikskólakennari var í launalausum námsleyfi frá sept. – júní. Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Kórea, Filippseyjar, Rússland, Serbía og Ísland.

STARFSÁÆTLUN KIRKJUBÓLS FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2009 -2010

Í starfsáætluninni voru fjórir flokkar af verkefnum og þeir eru:

- 1) helstu verkefni og áherslur, 2) áherslur í foreldrasamstarfi, 3) stefna í starfsmannahaldi og 4) nýbreytni.

1. Helstu verkefni og áherslur

A) Þema vetrarins var skapandi leikur og starf og tengdist það listadögum barna og ungmenna sem haldnir voru í apríl 2010 undir heitinu Skapandi list. Fléttaðist það inn í allt starf leikskólans allt skólaárið. Ákveðið var að nota óhefðbundinn efnivið í leik og höfðu börnin tækifæri til að vera skapandi í leik sínum. Hugsunin var einnig að með því nota óhefðbundin efnivið tengdist það endurnotkun og endurvinnslu. Að börnin áttuðu sig á að hægt er að nota efnivið aftur og á annan hátt og tengdist það umhverfismenntinni. Á haustmánuðum þegar fór að skyggja léku börnin með ljós og skugga og settu þau upp leiksýningar í skuggaleikhúsi, þau léku ævintýrið um Búkollu og söguna um Alla Nalla og tunglið.



Tveir elstu árgangarnir sóttu sýningu í Árbæjarsafninu í janúar sem heitir “Komdu að leika” og þar voru leikföng sem tíðkuðust á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og máttu þau leika sér á ákveðnu svæði. Einnig fóru þessir hópar á sýninguna “Í barnastærðum” sem var í Hafnarborg í Hafnarfirði en



sýningin var í tengslum við listadaga barna, þar máttu börnin einnig leika sér. Í janúar var sett upp sýning í leikskólanum á gömlum leikföngum og var það í samstarfi við foreldra barnanna sem lögðu til hluti á sýninguna.

Mest af þeim efnivið sem börnin notuðu í myndsköpun var óhefðbundin og var allt notað, eins og sjá mátti á sýningunni á Torginu í miðbæ Garðabæjar í tengslum við listadagana.

Mat starfsmanna var að vel hefði tekist til. Frábært að fá þema listadaganna svona snemma, vel haldið utan um allt af hendi bæjarins og gaman að samstarfinu við aðrar stofnanir bæjarins. Við náðum að tengja allt starfið út frá þessu þema, það varð sterkur rauður þráður sýnilegur allt skólaárið, það náðist gott flæði í starfið og var það mjög skemmtilegt og gefandi.



B) Leikskólinn var skóli á grænni grein frá áramótum 2009 og nú var sett markmið að halda áfram vinnunni og sækja um grænfánann. Börnin í elsta árgangi voru nefndarmenn í



umhverfisnefnd leikskólans og lögðu þau mikið af mörkum varðandi vinnu í umhverfismálum. Umsókn um grænfána var send til Landverndar og með henni skýrsla um starfið sem unnið hafði verið í leikskólanum. Í framhaldi af því komu tveir fulltúar frá Landvernd í heimsókn og sannreynðu það sem í skýrslunni var og hvort leikskólinn uppfyllti þau skilyrði sem þarf til að fá að flagga grænfánanum. Grænfáninn var afhentur við hátíðlega athöfn á sumarhátíð foreldrafélagsins þann 8. júní 2010.

C) Starfsmannahópurinn kynnti sér fjölgreindakenningu Howards Gardners. Alls er um átta greindir að ræða og voru starfsmannafundir notaðir til að ræða um hverja greind fyrir sig, byrjað var í september og síðasta greindin var rædd í apríl. Allt starfsfólkið var búið að lesa bók um greindirnar og síðan var skipst á að stjórna umræðum.

Það var sameiginlegt mat starfsmanna að þetta væri mjög athyglisverð kenning og þessi sýn á barnið sem getumikið og duglegt, að allir hafi styrkleika sem hægt að að efla fannst okkur mjög heillandi. Því var tekin sameiginleg ákvörðun að halda áfram með verkefnið og næsta vetur munum við yfirfara efnivið skólans og flokka með tilliti til greindanna og flétta þær inn í allt starf leikskólans.

D) Undanfarin ár hefur verið unnið gott og fjölbreytt starf með börnunum og var því haldið áfram.

Þennan vetur var ákveðið að afmarka starfið betur, námssviðin fléttast öll og alltaf saman en að hafa ákveðnari áherslur eftir tímabilum. Þær eru eftirfarandi: Í september, október og nóvember er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Þarna er unnið með breytingarnar í náttúrunni, ljós og skugga svo dæmi séu nefnd. Desember er jólamánuður og er hann býsna hefðbundin með



aðventuljósum og söng, kirkjuferð, jólaballi svo eitthvað sé nefnt. Í janúar, febrúar og mars

er menning og samfélag ríkjandi svið. Þá lítum við aftur í tímann, þæfum, höldum þorablót, víkingur kemur í heimsókn, höldum upp á konudaginn, bolludag, sprengidag og öskudag, þannig að þjóðlegar hefðir eru í heiðri hafðar. Í mars, apríl og maí er náttúra og umhverfi ríkjandi svið. Aftur er litið til náttúrunnar sem er að vakna af dvala og börnin fara að sá fyrir sumarblómum og leggjast á sveif með bæjarbúum að halda umhverfinu hreinu og snyrtilegu. Hin svið leikskólans hreyfing, tónlist, myndsköpun og málrækt fléttast inn í allt starf allan ársins hring. Júní, júlí og ágúst eru frjálssari og minna skipulagðir en aðrir mánuðir og mikil áhersla á náttúru, útiveru og hreyfingu.

Mat starfsmanna var að efniviður leikskólans nýtist betur með svona skiptingu og starfið yrði markvissara og skemmtilegra og voru sáttir.

Hins vegar var of mikið á dagskránni eftir áramót og þarf að gæta

þess á næsta ári að færa eitthvað yfir á haustönn eins og td. danskennsluna.

Önnur nýjung var að hafa 6 vikna tímabil með málörvun og stærðfræði til skiptis á milli eldri deildanna. Hugmyndin að baki var að nýta þann efnivið sem til er á annarri deildinni í einu og skiptast svo á. Báðar deildarnar voru með sitt hvort tímabilið fyrir áramót.

Mat starfsmanna var að hugmyndin sé góð, en það voru ákveðnir byrjunarörðugleikar, svo sem að nýtt starfsfólk var að byrja og það tók sinn toll og einnig fannst þeim málörvunin þurfa að vera alltaf. Sex vikur of langur tími, betra að hafa fjórar vikur. Tímabilin eftir áramót ýttust svolítið til hliðar fyrir öðru starfi.



2. Áherslur í foreldrasamstarfi

A) Að vera duglegar að setja efni inn á heimasíðuna, bæði fréttir og myndir af starfinu sem fram fer. Var það liður í að kynna betur það starf sem við erum að vinna með börnunum. Í samræmi við vilja foreldra var lögð áhersla á heimasíðuna og minna sett inn á Mentor. Þetta gekk ekki að öllu leyti nógu vel, fréttir á forsíðu komu reglulega, en það var erfiðara með fréttir frá deildum. Það tekur tíma að vinna þetta verkefni, starfsfólkið þarf að læra og þjálfast í vinnubrögðunum og tíminn var ekki afmarkaður nógu vel og þar sem það er alltaf nóg af verkefnum, sat heimasíðan oft á hakanum í dagsins önn eða öllu heldur starfið með börnunum var sett í forgang.

B) Við viljum að foreldrar finni að þeir séu ætíð velkomnir í leikskólann. Við lögðum áherslu á að taka vel á móti þeim eins og börnunum og ef þeir óskuðu eftir að dvelja hjá okkur var það hjartanlega velkomið. Foreldrar eru meira inn í leikskólanum á aðlögunartíma barna sinna og finnst okkur það mjög góð breyting. Aðal tilgangurinn með því er að veita barninu meira öryggi en einnig að foreldrar kynnist starfinu, starfsfólkinu og finni andrúmsloftið í leikskólanum.

C) Að foreldrar fái tækifæri til að eiga notalega stund með börnum sínum og starfsfólki innan leikskólans t.d. í kaffi/te, á sýningum og fleiru. Eftirfarandi var gert:

1. Boðið upp á molasopa að morgni eða síðdegiste einu sinni í mánuði, allt skólaárið. Markmiðið er að gefa foreldrum tækifæri til að hittast og spjalla saman, hitta starfsfólkið og eiga stund með barninu í leikskólanum. Þarna gefast einnig tækifæri til að fá innsýn í vinnu barnanna t.d. skoða verk þeirra og leikaðstöðu

2. Í desember var súkkulaði síðdegis, þar sem foreldrum og systkinum var boðið að koma og fá sér súkkulaði með rjóma og smákökur. Einnig gátu þeir sem vildu búið til jólakort eða annað fallett og notið samverunnar. Það var mjög vel mætt og það gladdi okkur að margir fyrrverandi nemendur komu í heimsókn.



3. Í janúar var ömmum og öfum boðið að koma í heimsókn og kynnst starfinu, skoða leikskólann og sýninguna á gömlu leikföngunum sem sett var upp og tengist áherslunni á gamla tímamann. Að sjálfsgöðu var þeim boðið upp á kaffi og kleinur í salnum. Sýningin var samvinnuverkefni foreldra og starfsfólks sem lögðu til hluti á sýninguna.

4. Á degi leikskólans var fagnaðarfundurinn sem er á föstudögum, fluttur yfir í sal tónlistarskólans og öllum foreldrum, öðrum fjölskyldumeðlimum og bæjarbúum boðið að vera með okkur. Það gladdi okkur hversu margir foreldrar sáu sér fært að koma. Það kom mörgum foreldrum ánægjulega á óvart að sjá hversu dugleg og óhrædd börnin voru að koma í ræðustólinn og kynna lögin sem átti að syngja og hversu vel þau gerðu þetta, í stórum sal fullum af fólki.



5. Um miðjan febrúar buðu börnin á eldri deildunum foreldrum sínum að koma og vera með þeim í síðasta tímanum á dansnámskeiðinu sem foreldrafélagið greiddi fyrir. Þar var slegið upp hörkuballi og dönsuðu börn og foreldrar saman af hjartans list.

6. Í apríl var aftur farið með fagnaðarfundinn í sal tónlistarskólans. Að þessu sinni tengdist það listadögum og var farið í skróðgöngu frá leikskólanum yfir í tónlistarskólann. Öllum bæjarbúum var boðið að koma og var vel mætt af fjölskyldumeðlimum barnanna.

7. Þann 24. apríl var Opið hús sem er árlegur viðburður, en að þessu sinni tengdist það listadögum. Þarna var sýndur var afrakstur af vinnu vetrarins og stóð sýningin í eina viku og var öllum bæjarbúum boðið að koma. Foreldrafélagið sá um að baka vöflur og selja gegn vægu gjaldi.

8. Þann 26. maí var farið í sveitarferð að Grjóteyri. Börn, foreldrar og starfsfólki fjölmenntu í ferðina og áttu lærdómsríka stund í blíðskaparveðri. Ferðin er samstarfsverkefni starfsfólks og stjórnar foreldrafélags sem greiðir



fyrir börnin.

9. Þann 8. júní var árleg fjölskylduhátíð í garðinum og að þessu sinni var grænfáninn afhentur í fyrsta sinn. Farið var í skrudgöngu um nágrennið, börnin sungu fyrir gesti og elstu börnin aðstoðuðu við að draga grænfánann að húni. Það var sólskin og blíða þennan dag, mætingin var frábær, þarna voru foreldrar og systkini, afar og ömmur, langömmur og langafar, frændar og frænkur saman komin og var garðurinn fullur af fólki og gleði.



Foreldrafélagið sér venjulega um hátíðina, en að

þessu sinni var þetta samstarfsverkefni foreldra og starfsmanna.

10. Gerð var viðhorfsskönnun meðal foreldra um mánaðarmótin maí-júní. Eftir umræður við foreldraráð var ákveðið að hafa sömu könnunina og árið áður og athuga hvort okkur hefði tekist að bæta það sem við ætluðum að bæta. Örlitlar breytingar voru gerðar á könnuninni og innihélt hún 18 spurningar. Foreldrar gátu einnig komið ábendingum og athugasemdum á framfæri. Alls voru sendir 92 spurningarlistar í rafrænu formi til foreldra. 33 svöruðu eða 36% og er hún því ekki marktæk, en gefur okkur vísbendingar sem gagnast okkur. Allir foreldrarnir töldu að börnum sínum liði mjög vel eða vel í leikskólanum. Almennt voru foreldrar ánægðir með starfið, en það voru nokkur atriði sem tekin verða til skoðunar og gerðar úrbætur á starfsmannafundi í haust.

Mat starfsmanna á þessum þáttum var ánægja með molasopa og síðdegiste, mismikil þátttaka en það er í lagi, desember samveran var notaleg og ánægjuleg, ömmu- og afakaffið tókst mjög vel og er komið til að vera, fagnaðarfundirnir í tónlistarskólanum tókust vel og var ánægja með þá, frábært að sjá svona marga foreldra, þurfum kannski að biðja foreldra, alla vega yngstu barnanna að ganga með okkur yfir í leikskólann og kveðja börnin þar. Gaman að geta gefið foreldrum innsýn í danskennsluna með þátttöku í síðasta tímanum, tókst mjög vel og þar var sko fjör. Opna húsið tókst vel, ívið minni mæting en venjulega, enda mikið um að vera á þessum tíma. Sveitaferðin var ánægjuleg, frábær þátttaka og veðrið gat ekki verið betra. Hugmyndir eru uppi um að fara einnig í fjöru á heimleiðinni, en þá dugar ekki að fara síðdegis. Verður skoðað betur í samstarfi við stjórn foreldrafélagsins. Sumarhátíðin var ánægjuleg, nokkur smáatriði verða lagfærð fyrir næsta ár.

Þannig að heildarmatið á foreldrasamstarfinu er að það hafi verið nokkuð fjölbreytt, allir hafi getað fundið eitthvað við sitt hæfi og þátttaka hafi alltaf verið mjög góð. Gefandi og gleðiríkar stundir.

3. Stefna í starfsmannahaldi

A) Fjölga fagfólki. Haustið 2009 var lögð áhersla á að fjölga faglærðu starfsfólki og þar sem aðstæður í samfélaginu höfðu breyst gekk það upp. Samtals voru ellefu fagmenn í 9.70%

stöðugildum og sex leiðbeinendur í 4.65% stöðugildum í beinu starfi með börnunum. Er þetta umtalsverð auking frá fyrra ári.

B) Stuðla að og auka samveru starfsmanna utan vinnunnar með fjölbreyttum verkefnum, sem efli heilsuna um leið. Þetta var gert:

1. Byrjað var á gönguferð um bæinn og skilaði þeim sem þátt tóku gleði og vellíðan.
2. Starfsmenn hittust þrisvar sinnum á haustönn utan vinnunnar, sumir voru með eitthvað í höndunum, aðrir voru sér og öðrum til ánægju.
3. Jólagleði starfsmanna var í byrjun desember og lánaði einn starfsmaður heimili sitt undir gleðina.
4. Starfsfólk fjölmennti á árshátíð Garðabæjar í apríl.
5. Starfsmenn hittust síðdegis í seinnihluta maí og gerðu sér glaðan dag, því senn færi hópurinn að dreifast í sumarleyfi og hittist ekki aftur fyrr en í ágúst.

Þessi liður var ekki endurmetin af starfsfólkinu, það voru hugmyndir um meira starf utan vinnutíma, en vegna annríkis í daglegum störfum varð ekkert af því, sérstaklega eftir áramót.

4. Nýbreytni

A) Börnin hafi meiri áhrif á starfið – leita eftir hugmyndum þeirra og viðhorfi

Í ársáætluninni settum við okkur markmið að fá enn frekar fram sjónarmið barnanna á ýmsum þáttum í starfinu. Ýmsar kannanir voru gerðar og einnig er það orðið fastur liður að leita til þeirra varðandi málefni eins og samsetning á matseðli og umhverfismál leikskólans. Við höfum hug á að gera enn betur á næsta skólaári og fá fram mat þeirra á enn fleiri þáttum í starfinu. Það sem við gerðum á þessu skólaári er eftirfarandi:



1. **Umhverfismál.** Öll börnin í bláa hóp voru fulltrúar í umhverfisnefnd leikskólans og aðstoðuðu við flokkun á sorpi ásamt því að taka þátt í umræðum um umhverfismál. Þau tóku virkan þátt í ferlinum við að sækja um og fá afhentan grænfánann við hátíðlega athöfn.
2. **Matseðill.** Fulltrúar frá eldri deildum taka þátt í að setja niður mánaðarmatseðil með matræð leikskólans og fá að setja fram óskir sínar. Farið er eftir óskum barnanna eins og hægt er og er grjónagratgur og fiskur á meðal þess sem mest er beðið um. Einnig er stöku sinnum minnst á að það sé langt síðan það var pizza eða spaghetí og er þá að sjálfsgöðu reynt að bæta úr því. Einnig var gerð matarkönnun um uppáhaldsmat barnanna og það sem þeim finnst vont að borða.
3. **Eldvarnareftirlitsmenn** - hlutverk þeirra er að fara yfir þætti sem snúa að eldvörnum og er stuðst við gátlista. Á þennan hátt taka börnin þátt í að meta hvernig staðið er að öryggismálum og upplifa að þau hafi áhrif. Annað verkefni sem þau sjá um samfara eftirlitinu er að losa úr Pappírs-pésa (tunna sem þau setja pappírusrúsl í) í endurvinnslugáminn.



4. **Könnun** meðal barnanna á Kisudeild varðandi fagnaðarfund. Hvernig þau upplifa fundinn, uppáhaldssönglög og hverju þau vildu breyta. Ýmsar hugmyndir komu fram en greinilegt er að

fagnaðarfundurinn er almennt séð skemmtileg stund sem þau njóta. Þó kom fram hjá tveimur að það mætti gjarnan hreyfa sig meira, það væri erfitt að sitja svona lengi og einnig var nefnt að gaman væri að fá leikrit. Ein stúlka tók fram að það hefði verið skemmtilegt þegar að starfsmaður spilaði undir á gítar en það var nýbreytni í vetur. Við höfum svör barnanna í huga þegar við hefjum fagnaðarfund aftur í haust.



5. Börnin í bláa hóp mátu **ferð í Vatnaskóg** og fylltu út matsblað. Mikil ánægja með ferðina og bátsferðin sem var nýjung í ferðinni var mjög vinsæl. Notuðum broskalla sem börnin merktu við og var það skemmtileg leið til að fá mat þeirra fram.

Niðurstöður úr mati á Vatnaskógsferð

1. Hvernig fannst þér rútuferðin? 1 sagði leiðinlegt, 1 sagði allt í lagi, 11 sögðu skemmtileg.
2. Hvernig fannst þér í íþróttahúsinu? 1 sagði allt í lagi, 12 sögðu skemmtilegt
3. Hvernig fannst þér gönguferðin? 2 sögðu allt í lagi, 11 sögðu skemmtileg.
4. Hvernig fannst þér maturinn? Allir 13 sögðu skemmtilegt (broskall=góður)
5. Hvernig fannst þér í Vatnaskógi? 12 sögðu skemmtilegt, 1 sagði allt í lagi.

Annað sem kom fram hjá börnunum:

- Skemmtilegast í gönguferðinni
- Mér fannst skemmtilegast á hraðbátnum
- Það var skemmtilegt í gúmmíbátnum/hraðbátnum
- Gaman að fara í kúluhúsið og fá kakó
- Að vera í skóginum var rosa gaman
- Mér fannst skemmtilegast í hraðbátnum
- Skemmtilegast í bátnum
- Mér fannst allt skemmtilegt
- Mér fannst gaman í hraðbátnum
- Skemmtilegt á hraðbátnum
- Bátsferðin var skemmtileg, vildi vera lengur í fótbolta
- Gönguferðin í skóginum var skemmtilegust
- Rosa gaman á bátnum



6. **Könnun á hraunferðum elstu barna**, spurt var hvað þeim fyndist þau hafa lært í hrauninu og fleira. Margt skemmtilegt kom fram eins og t.d. „hef lært að djúp hola er gjóta“ og „gaman að búa til tjald úr

spýtum, hoppa og finna skemmtilegt dót og rusl“. Almennt séð virðist mikil ánægja og gleði með hraunferðir og börnin áttu auðvelt með að svara spurningum varðandi hraunið.

7. **Vinakönnun** er gerð á eldri deildum til að kanna hvort allir telji sig eiga vin í leikskólanum og kanna hvort allir séu ekki örugglega nefndar. Styðjumst við hópmynd af öllum á deildinni og svo var notað orðalagið „hvern leikur þú mest við í leikskólanum?“. Börnin mega nefna eins marga og þau vilja.

Niðurstöðurnar eru notaðar til að meta stöðu barnanna í hópnum, hvort einhver þurfi meiri aðstoð til að komast inn í leik með öðrum.



8. **Sjálfræði**. Allir starfsmenn leikskólans lásu meistaraprófsverkefni Sesselju Hauksdóttur, É sjáll, varðandi sjálfræði barna. Við ákváðum að temja okkur að hlusta betur á börnin og að þau hefðu meira val og sjálfræði í því sem þau tóku sér fyrir hendur. Það hristi vel upp í starfsmannahópnum að lesa ritgerðina og gott að allir væru búnir að kynna sér sama efnið til að geta rætt enn frekar á starfsmanna- og deildarfundum.

Mat starfsmanna á þessum þætti var að vel hafi tekist til að fá börnin til að hafa meiri áhrif á starfið og það þurfi að halda áfram á þessari braut. Við þurfum að tileinka okkur fleiri aðferðir og nýta þær í áframhaldandi starfi.

B) Drög að námskrá fyrir Kanínudeild, rauðu, grænu og bláu hópa. Starfsfólkinu var falið að skrá þau verkefni sem verið er að vinna með börnunum yfir veturinn og á skipulagsdegi í maí á að draga saman niðurstöður og þá eiga að vera komin drög að námskrá eða áherslum fyrir hvern aldurshóp, eftir því hvaða heiti við notum. Næsta skólaár eiga þessi drög að vera til hliðsjónar í starfinu og í framhaldi af því verða þær fínþússaðar og þar með er komin grunnur að áherslum.

Það var mismikið skrifað í hópnum, en í maí var þetta dregið saman. Það voru starfsmenn hvers aldurshóps fyrir sig sem unnu þetta og ekki var um neina samræmingu að ræða, en í



lokavinnslunni þarf að samræma efnislegt innihald og einnig útlit og uppsetningu.

C) Þróunarverkefni. Kirkjuból er þátttakandi í þróunarverkefni sem er samstarfsverkefni á meðal leikskólanna og nefnist „Lesmál“. Markmið verkefnissins er meðal annars að þróa markvissar sögu- og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar. Þeim er ætlað að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu. Verkefnið fór af stað í vetur og sátu deildarstjórar fundi með leikskólafulltrúa og fengu fyrirlestra varðandi efnið. Þokkalega gekk að koma verkefninu af stað en það var þó dálítið óöryggi í sambandi við framkvæmdina í starfsmannahópnum til að byrja með. Verkefnið gekk betur eftir því sem leið á vorið og tókum við ótrauð upp þráðinn

aftur á haustmánuðum. Skráning er góð leið til að halda utan um verkefnið og er jafnframt nauðsynleg til að meta það sem gert var og gera áframhaldandi áætlun samkvæmt því. Dæmi um orð sem lögð voru inn og hengd upp á vegg eru: Hugrakkur, snillingur, röskur og torfbær.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Viðhaldsverkefnin á þessu skólaári voru að allir gluggar voru málaðir að utan, skyggnið á húsinu, hliðin og öll leiktækin í garðinum voru máluð. Gólfdukar á eldri deildum voru lagfærðir þar sem þörf var á.

Keypt var ný ljósritunarvél, einnig voru keyptir skúffuskápar í listasmiðjurnar á eldri deildunum, voru þetta stærstu kaupin á árinu.

LOKAORÐ

Það sem einkenndi þetta starfsár var gróska og gleði. Þema ársins fléttaðist mjög skemmtilega inn í allt starfið svo úr varð samfelld og fjölbreytt starf með börnunum. Barnahópurinn var áhugasamur og duglegur í námi sínu og starfsmannahópurinn var líka mjög áhugasamur, skapandi og öflugur í starfi sínu. Í heild var þetta einstaklega ánægjulegt ár en á sama tíma mjög annasamt. Það er styrkur leikskólans að hafa svona frábærum starfsmannahópi á að skipa.

Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri

Anna Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri



Elstu börnin í síðustu samvinnustund sinni í leikskólanum.